

SORPA bs.
Köllunarklettsvegi 1
104 Reykjavík

Selfossi, 19. desember 2024
UST202412-096/K.B.B.
08.14.01

Efni: Ákvörðun um framlengingu bráðabirgðaheimildar vegna breytinga á starfsleyfi urðunarstaðar í Álfsnesi

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Sorpu bs., kt. 510588-1189, til Umhverfisstofnunar, dags. 11. desember 2024 þar sem sótt er um framlengingu á bráðabirgðaheimild, sbr. 6. mgr. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun veitti Sorpu bs. bráðabirgðaheimild til áframhaldandi urðun í Álfsnesi, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, dags. 21. desember 2023 og var henni markaður gildistími þar til starfsleyfinu hefur verið breytt en þó eigi lengur en til 21. desember 2024.

Fram kemur í umsókn að SORPA bs. hefur síðastliðið ár verið í umfangsmiklum breytingum á meðhöndlun úrgangs og flytur nú út allan brennanlegan blandaðan úrgang, auk þess að meðhöndla sérsafnaðan lífrænan eldhúsúrgang í gas- og jarðgerðarstöðinni GAJU. Öðrum lífrænum og lyktarsterkum úrgangsstraumum hefur auk þess verið vísað í aðra farvegi og hefur því ekki verið tekið á móti, t.d. dýrahraejum eða sláturúrgangi í Álfsnesi síðastliðið ár. Urðunarstaður SORPU bs. í Álfsnesi gegnir þó enn mikilvægu hlutverki í úrgangsmeðhöndlun á höfuðborgarsvæðinu, þó verulega hafi dregið úr umfangi þess úrgangs sem nú fer til urðunar.

Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að Umhverfisstofnun er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi sem heyrir undir lög þessi, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni fyrir starfsemi. Umhverfisstofnun skal eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og annarra aðila eftir því sem við á. Heyri starfsemin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er skilyrði að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matsskyldu hennar.

Í 6. mgr. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að Umhverfisstofnun er heimilt að framlengja bráðabirgðaheimild um allt að eitt ár að uppfylltum skilyrðum 7. gr. a. laganna.

Umhverfisstofnun vinnur enn að breytingu á starfsleyfi rekstraraðila og enn er til staðar brýn þörf til að halda áfram starfsemi urðunarstaðarins í Álfsnesi. Í ljósi framangreinds, þess að fyrir liggur fullnægjandi umsókn um breytingu á starfsleyfi og í samræmi við 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir hefur Umhverfisstofnun tekið ákvörðun um að veita

SORPU bs. framlengingu á bráðabirgðaheimild til eins árs vegna áframhaldandi urðunar úrgangs í Álfnesi til dags. 21. desember 2025.

Framlengd bráðabirgðaheimild er bundin sömu skilyrðum og bráðabirgðaheimild dags. 21. desember 2023¹ og vísast efnislega til hennar.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um framlengingu bráðabirgðaheimildar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvaðarinnar, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Kristín Björk Birgisdóttir
sérfræðingur

Inga Dóra Hrólfsdóttir
staðgengill forstjóra

¹ [Bráðabirgðaheimild SORPU Álfnesi](#)